

Þriðjudaginn 8. október 1985.

Nr. 179/1985. **Ákærvaldið**

gegn

**Jósep Hjálmarí Sigurðssyni og****Pálma Þór Jónssyni**

Kærumál. Ákæra. Frávísunardómur úr gildi felldur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.

Ríkissaksóknari hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar með kæru 23. júlí 1985. Skjöl málsins bárust Hæstarétti 25. s.m. Ríkissaksóknari krefst þess, að frávísunardómurinn verði felldur úr gildi og héraðsdómara verði dæmt skylt að kveða upp efnisdóm í málinu samkvæmt ákæruskjali, útgefnu 21. ágúst 1984, á hendur varnaraðiljum.

Frá varnaraðiljum hafa borist greinargerðir, þar sem krafist er staðfestingar hins kærða frávísunardóms og kærumálskostnaðar úr ríkissjóði.

Eigi teljast vera slíkir annmarkar á ákærinni, að ekki megi ljúka efnisdómi á mál þetta, með hliðsjón af ákvæðum 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974, ef þurfa þykir. Samkvæmt því, sem nú var sagt, ber að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómarann að kveða upp efnisdóm á málinu. Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

**D ó m s o r ð:**

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur og lagt fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið.

**Dómur sakadóms Gullbringusýslu 12. júlí 1985.**

Ár 1985, föstudaginn 12. júlí, var í sakadómi Gullbringusýslu, sem haldinn var í skrifstofu dómsins, Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Guðmundi Kristjánssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 966/1983:

Ákærvaldið gegn Jósep Hjálmarí Sigurðssyni og Pálma Þór Jónssyni, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 10. þ.m.

Með ákæru ríkissaksóknara, dags. 21. ágúst sl. var höfðað opinbert mál fyrir dóminum, „á hendur:

1. Jósep Hjálmarí Sigurðssyni, sjómanni, Bjarmalandi 20, Sandgerði, fæddum 5. ágúst 1961 á Skagaströnd og

2. Pálma Þór Jónssyni, sjómanni, Réttarholti 1, Reyðarfirði, fæddum 8. september 1962 á Reyðarfirði,

fyrir líkamsárás gagnvart Indriða Björgvínssyni, fæddum 20. mars 1962, aðfaranótt 18. apríl 1983 í verbúð Miðness h.f. í Sandgerði.

Ákærði Jósep Hjálmar sló Indriða þrjú hnefahögg í andlitíð og kærði Pálmi Þór sló og sparkaði í andlit hans með þeim afleiðingum, að hann kinnbeinsbrotnaði vinstra megin og hlaut glóðarauga á vinstra auga og skurðsár við utanvert augað, sem sauma þurfti saman.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta og sakarkostnaðar“.

Aðfaranótt mánudagsins 18. apríl 1983, skömmu eftir miðnætti, var lögreglunni í Keflavík tilkynnt um mann, blóðugan í andliti, er staddur væri á bifreiðastöð S.B.K. í Keflavík. Var hér um að ræða Indriða Björgvínsson, f. 27.3. 1962. Upplýsti einn bifreiðastjóra S.B.K., að hann hefði ekið Indriða frá Sandgerði til Keflavíkur og ákveðið að hringja á lögregluna, er þangað var komið, þar sem Indriði var illa á sig kominn og ósjálfbjarga. Færðu lögreglumennirnir Indriða, sem talsvert var undir áhrifum áfengis, á sjúkrahúsið, þar sem vakthafandi læknir gerði að sárnum hans, er voru opin skurður yfir v. augnloki og hrúfl á v. hluta andlits.

Viku síðar mætti Indriði hjá rannsóknarlögreglunni og kærði líkamsárás, er hann kvað sig hafa orðið fyrir í verbúð Miðness h.f., Sandgerði, 17. nefnds mánaðar. Hafi við læknisrannsókn komið í ljós sprunga á v. kinnbeini og einnig hafi hann hlotið allmikið glóðarauga auk fyrrgreindra meiðsla.

Í áverkavottorði læknis segir, að meiðsli Indriða hafi verið V laga skurðsár við v. auga utanvert, þannig að armarnir á V náðu inn á sitt hvort augnlok. Hafi hann verið með talsvert mikið glóðarauga og verk á svæðinu. Skurðurinn var saumaður saman, en við röntgenmyndatöku síðar hafi komið í ljós brot á v. kinnbeini og talsverð blæðing inn í kjálkaholuna. Hafi augað bólгнаð talsvert mikið og lengi verið rautt. Við röntgenmyndatöku 16. maí s.á. sást, að blæðingin inn í kjálkaholuna var að mestu horfin, og þegar vottorðið er gefið út, þ.e. 23. maí, er hann orðinn mikið til óþæg-

indalaus í kinnbeininu, en enn með dofa í efri vör v. megin og upp á kinnbeinið.

Ákærði Jósep hefur viðurkennt að hafa slegið Indriða þrjú hnefahögg í andlit aðfaranótt mánudagsins 18. apríl 1983, þar sem þeir voru þá staddir í herbergi í verbúð Miðness h.f., Sandgerði. Hafi Indriði fallið við höggin, og segist Jósep í framhaldi af þessu hafa sett hann fram á gang verbúðarinnar. Hafi eitt höggið lent á enni Indriða, annað á kinninni og hið þriðja á nefi hans og munn. Litillega hafi blætt úr nösnum, en aðra áverka sá Jósep ekki.

Ákærði Pálmi hefur viðurkennt að hafa slegið Indriða í andlitið með krepptum hnefa og sparkað í hann liggjandi, en kvaðst ekki geta greint nákvæmlega, hvar sú ákoma var, og vildi ekki útiloka, að sparkið gæti hafa hæft höfuð Indriða. Hafi atburðir þessir átt sér stað við eða inni á salerni, sem sé á gangi verbúðar Miðness h.f.

Pálmi greindi nánar svo frá, að Jósep hafi slegið Indriða hnefahögg, eftir að sá síðarnefndi hafi neitað að yfirgefa herbergið. Taldi hann, að þau hefðu lent á andliti Indriða, þar sem hann hafi verið blóðugur í kringum nef og munn, þegar ákærði sá hann á eða við salernið. Þar hófu þeir að munnhöggvast, en síðan varð Indriði fyrir framanlýstri árás Pálma.

Í málsvörn sinni, er lögð var fram 19. júní sl., krefst skipaður verjandi ákærða Jóseps, Kristján Stefánsson hdl., þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi. Er frávisunarkrafan reist „á þeirri málsástæðu, að sú háttsemi, sem ákært er fyrir í máli þessu, er eðli máls samkvæmt tvö aðskilin sjálfstæð brot en í ákæruskjali verður ekki greint, hvort meint háttsemi ákærða, Jóseps, hafi haft í för með sér þær afleiðingar, að brotið verði fellt undir 218. gr. alm. hgl., og tel ég ákæru haldna þeim ágalla, að ekki verði á henni byggð þessi málshöfðun.“

Með bréfi, dags. 21. júní sl., sendi dómari máls þessa ríkissaksóknara málið til umsagnar skv. 2. mgr. 124. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Í umsögn ríkissaksóknara, dags. 28. júní sl. og mótt. 10. þ.m., er þessari kröfu verjandans mótmælt og áréttuð krafa um, að dómari ljúki rannsókn málsins og taki það til dómsálagningar skv. framangreindri ákæru.

Eins og atvikum máls þessa er háttað, verður að gera þá kröfu, að í ákæru sé greint á milli líkamsárásar Jóseps annars vegar og Pálma hins vegar og þeirra áverka, sem Indriði kann að hafa hlotið af hvorri þeirra um sig. Þessa hefur eigi verið gætt, og er því ákæran haldin þeim annmörkum, að mjög torvelt verður um varnir í málinu og þó einkum úrlausn dómara á sakarefninu. Ákæran fullnægir þannig ekki ákvæðum 3. tl. 2. mgr. 115. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 19. gr. laga nr. 107/1976, og verður

hún því eigi lögð til grundvallar dómi um efni máls. Ber því skv. framan-  
sögðu að vísa máli þessu frá sakadómi.

Sakarkostnað allan ber að greiða úr ríkissjóði, þ.m.t. laun skipaðra  
verjenda beggja ákærðu, nefnds Kristjáns hdl., og Hákonar Árnasonar hrl.  
v/ Pálma Þórs Jónssonar, kr. 6.000,00 til hvors þeirra.

D ó m s o r ð:

Ákæru í málinu er vísað frá sakadómi.

Sakarkostnaður skal greiðast úr ríkissjóði, þ.m.t. laun skipaðs  
verjanda ákærða Jóseps, Kristjáns Stefánssonar hdl., kr. 6.000,00 og  
skipaðs verjanda Pálma, Hákonar Árnasonar hrl., kr. 6.000,00.

Þriðjudaginn 8. október 1985.

Nr. 213/1985. **Ákærvaldið**

gegn

**Birni Einarssyni**

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson,  
Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.

Ríkissaksóknari hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 171. gr. laga nr.  
74/1974 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar með  
kæru 9. september 1985, en þann dag fékk hann vitneskju um frá-  
vísunardóminn. Skjöl málsins bárust Hæstarétti 16. s.m. Ríkissak-  
sóknari krefst þess, að frávísunardómurinn verði felldur úr gildi og  
lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til dómsmeðferðar á grund-  
velli ákæruskjalsins.

Frá varnaraðilja, Birni Einarssyni, hafa hvorki borist kröfur né  
greinargerð. Sverrir Einarsson sakadómari hefur sent Hæstarétti  
greinargerð.

Með skírskotun til forsendna hins kærða frávísunardóms ber að  
staðfesta hann.